



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 2 – Tillaga um breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót

Reglugerð um körfuknattleiksmót

14. grein

FLOKKASKIPTING OG ALDUR LEIKMANNA

Aldur leikmanns miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót er honum heimilt að leika með ungmennaflokki út tímabilið en flutningur milli flokka skal fara fram 1. júlí ár hvert.

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber, nema annað sé tiltekið sérstaklega í reglugerð. Öllum leikmönnum yngri aldursflokks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin. Leikmenn meistaraflokks karla og kvenna skulu gengnir upp úr 8. flokki.

Mótanefnd KKÍ getur leyft keppni liðs í Íslandsmóti sem er annaðhvort kynjablandað eða skipað leikmönnum af gagnstæðu kyni frá minnibolta 10 ára upp í 9. flokk. Slíkt leyfi verður aðeins veitt ef félag sem óskar eftir að senda slíkt lið til keppni hefur sent inn rökstutt erindi til mótanefndar þar sem félagið hefur rökstutt með fullnægjandi hætti að mati mótanefndar að ástæða sé til að veita slíkt leyfi að teknu tilliti til meðal annars getu og/eða framþróunar liðs og/eða leikmanna sem sótt er um fyrir. Ef sótt er um slíkt leyfi fyrir lið geta leikmenn þess almennt ekki keppt bæði í flokki karla og kvenna en þó er það mögulegt ef um er að ræða tilfærslu á einstökum leikmönnum á milli liða. Blönduð lið eða lið af gagnstæðu kyni geta keppt á öllum mótum í tilteknum flokki nema í úrslitamótum þar sem endanlega er keppt um Íslandsmeistaratitil. Hafi slíkt lið áunnið sér sæti á slíku móti skal færa upp það lið sem næst kemur að stigum fyrir úrslitamót. Leyfi mótanefndar samkvæmt framangreindu tekur ekki til keppni í Bikarkeppnum KKÍ. [...]

Greinargerð:

Forsagan að þessari tillögu er löng en það var fyrst árið 2017 sem ÍR óskaði eftir að fá að skrá öflugt stúlknalið í minnibolta 10 ára drengja. Á þingi 2019 var tillögunni vísað frá og ekki rædd. Á þingi 2021 var tillögunni hafnað þrátt fyrir að allir þeir sem tóku til máls væru fylgjandi tillögunni.

Það er áhugavert að stúlknaliði hafi verið meinuð þátttaka tímabilið 2017-2018 og svo aftur 2018-2019 þrátt fyrir að lengi hafi það viðgengist að kynjablönduð lið kepptu á drengjamótum KKÍ án viðurlaga eða annarra athugasemda. Við teljum tímabært að lögleiða kynjablöndun í yngstu flokkum.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 2 – Tillaga um breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót

Óumdeilt er að að jafnaði eru bestu drengjaliðin betri en bestu stúlknaliðin í sama aldursflokki. Það gerist reglulega stúlknamingin að eitt lið hreinlega valti yfir önnur lið. Augljóst er að það er ekki gott fyrir leikinn né leikmenn. Sem lausn við því hefur bent á að þessi lið geti keppt við eldri stelpur. Hins vegar er ávinningur af því ekki endilega sá sami og að fá að keppa við drengi á sama aldri með svipaða líkamlega burði. Okkar reynsla hefur t.d. verið að stærri stelpur pakka inn í teig og þína yngri stelpur í að taka skot á meðan að drengir á sama aldri pressa allan völinn.

Að okkar mati mætti tillagan vera enn róttækari varðandi bikarkeppnir, þátttöku í úrslitum og inngrip mótanefndar. Hins vegar teljum við að eins og hún er sett fram núna sé stigið mjög varfærið skref í átt að breytingum sem flest ættu að geta sætt sig við, enda augljóst að ekkert í tillögunni getur skaðað nokkurn mann né hlut. Tillagan gefur mótanefnd einungis heimild til að nota fleiri leiðir en að keppa upp fyrir sig til að veita ungum iðkendum keppni við hæfi á mótum KKÍ. Augljóst er að eins og tillagan er skrifuð að mótanefnd hefur heimild til að setja sér vinnureglur varðandi leikheimildir fyrir kynjablönduð lið eða lið skipuð eingöngu leikmönnum af öðru kyni.

Það er eindregin ósk okkar að þau sem eru á móti tillögunni taki til máls á þinginu svo mögulegt sé að ræða málið af fyllstu alvöru.

F.h. Aþenu, Leiknis og UMFK

Jóhanna Jakobsdóttir, formaður Aþenu

Brynjar Karl Sigurðsson, formaður KKD Leiknis

Björgvin Þorsteinsson, formaður UMFK

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 2 – Tillaga um breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót

Umsögn mótanefndar

Mótanefnd bendir á að verði tillagan samþykkt óbreytt, þá geti drengjalið óskað eftir því að fá að spila í stúlknaflökkum og stúlknalið í drengjaflokkum. Mótanefnd bendir á að það hafi tíðkast um langt skeið að stúlkur leiki með drengjum í blönduðum liðum í drengjaflokkum.

Bent er á að skv. 2. gr. reglugerðar um mótanefnd þá er það ekki eitt af hlutverkum mótanefndar að stýra því hvernig félög manna sín lið. Sú ábyrgð liggur skv. gr. 8.5. reglugerðar um körfuknattleiksmót hjá viðkomandi félagi. Undanþáguákvæði sem mótanefnd þarf að skera úr um á því ekki heima hér.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld